



Borgarráð

Tillaga um að afskráð verði nafn og kennitala Fæðingarheimilis Reykjavíkur

Fjármála- og áhættustýringarsvið óskar eftir að borgarráð samþykki að gefa eftir heiti Fæðingarheimilis Reykjavíkur og að það verði afskráð úr fyrirtækjaskrá. Samkvæmt ÍSAT atvinnugreinaflokkun 86.10.0 hjá Skattinum er Fæðingarheimili Reykjavíkur skráð sem sjúkrahús.

Engin starfsemi um fæðingarþjónustu hefur verið starfrækt undir heiti fæðingarheimilisins síðan árið 1995 en þá rak Borgarspítalinn heimilið. Þar sem Reykjavíkurborg stundar ekki rekstur sjúkrahúss eða annarrar heilbrigðis – eða fæðingarþjónustu telur fjármála- og áhættustýringarsvið ekki þörf á að viðhalda skráningu heitis Fæðingarheimilis Reykjavíkur í fyrirtækjaskrá nema að uppi séu fyrirætlanir um annað.

Hefur hópur ljósmæðra ásamt prófessorum Háskóla Íslands óskað eftir að fá að nota heitið Fæðingarheimili Reykjavíkur á nýtt fæðingarheimili sem verið er að stofna og mun opna í Reykjavík á árinu. Til að svo verði gerlegt þarf samþykki Reykjavíkurborgar til að afskráð heitið úr fyrirtækjaskrá.

Haldóra Káradóttir

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Greinargerð

Þann 26. mars sl. barst fjármála- og áhættustýringarsviði erindi frá skrifstofu borgarstjórnar en þangað hafði erindi Emmu Marie Swift, aðstoðarprófessors við Háskóla Íslands, verið beint og er á þá leið að verið sé að vinna að stofnun nýs fæðingarheimilis í Reykjavík og að hafi sá hópur hug á að nota sama heiti og var á árum áður eða *Fæðingarheimili Reykjavíkur*. Hópurinn hafi fengið til þess stuðning frá breiðum hópi ljósmæðra, þar á meðal yfirljósmóður sem starfaði á Fæðingarheimili Reykjavíkur áður en því var lokað fyrir rúmum 20 árum. Er í erindinu óskað eftir leyfi til að fá að nýta heitið fyrir nýja fyrirtækið sem muni halda utan um fæðingarheimili sem áformað er að opna síðar á árinu.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur eftir fremsta megni leitað leiða til að finna og fá svör við því hver hafi haldið utan um skráningu og viðhaldi skráningar á heiti Fæðingarheimilis Reykjavíkur, án árangurs. Langt er um liðið frá skráningu félagsins en Fæðingarheimili Reykjavíkur, kt. 560169-2649, var stofnað þann 16. janúar 1969 og er heimilisfang þess skráð á Þorfinnsgötu 14, 101 Reykjavík.

Fæðingarheimilið var rekið sem sjálfstæð eining allt fram til 1989 en þá varð heimilið ein af deildum Borgarspítalans. Engin starfsemi um fæðingarþjónustu hefur verið starfrækt undir heiti fæðingarheimilisins síðan árið 1995 eða þar um bil. Þá hefur heiti félagsins, svo vitað sé til, ekki verið í notkun síðan þá. Ekki hafa fundist samþykktir félagsins þrátt fyrir ítrekaða leit í skjalasafni Reykjavíkurborgar.

Þar sem Reykjavíkurborg stundar ekki rekstur sjúkrahúss eða annarrar heilbrigðis – eða fæðingarþjónustu telur fjármála- og áhættustýringarsvið ekki þörf á að viðhalda skráningu heitis Fæðingarheimilis Reykjavíkur í fyrirtækjaskrá nema að uppi séu fyrirætlanir um annað.

Halldóra Káradóttir

Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs